

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (V).

1. gr.

Gildistaka reglugerða framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 1372/2013 og nr. 1368/2014.

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 frá 19. desember 2013 og nr. 1368/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 skulu öðlast gildi hér á landi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) og bókun 37 við EES-samninginn, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum og bókun 1 við EES-samninginn.

Reglugerðirnar skulu gilda með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2015.

2. gr.

Efni.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um gildistöku reglugerðanna varðandi þau málefni sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og félags- og húsnæðismálaráðherra fer með.

Í reglugerð nr. 961/2015 er kveðið á um gildistöku reglugerðanna varðandi þau málefni sem talin er upp í 2. gr. reglugerðar nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar og heilbrigðisráðherra fer með.

Í reglugerð nr. 962/2015 er kveðið á um gildistöku reglugerðanna varðandi þau málefni sem talin er upp í 2. gr. reglugerðar nr. 443/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta) og fjármála- og efnahagsráðherra fer með.

3. gr.

Fylgiskjöl.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2015 sem birt verður í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB og reglugerðir framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 1372/2013 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 34 frá 18. júní 2015, bls. 170, og nr. 1368/2014, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 46 frá 20. ágúst 2015, bls. 191, eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 9. október 2015.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 101/2015****frá 30. apríl 2015****um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 frá 19. desember 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1368/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ⁽²⁾.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði VI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004):
 - „– **32013 R 1372**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 frá 19. desember 2013 (Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 27), eins og henni var breytt með:
 - **32014 R 1368**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1368/2014 frá 17. desember 2014 (Stjtið. ESB L 366, 20.12.2014, bls. 15).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009):
 - „– **32013 R 1372**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 frá 19. desember 2013 (Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 27),
 - **32014 R 1368**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1368/2014 frá 17. desember 2014 (Stjtið. ESB L 366, 20.12.2014, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1372/2013 og (ESB) nr. 1368/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1.maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 346, 20.12.2013, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 366, 20.12.2014, bls. 15.

⁽³⁾ Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa
formaður.

Fylgskjal 2.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1372/2013

frá 19. desember 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾, einkum 92. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin fóru fram á það við framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa að VIII. og XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 883/2004 og 1. og 5. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 yrði breytt í því skyni að færa þessa viðauka til samræmis við þróun í landslöggjöf þeirra eða til að einfalda beitingu þessara reglugerða.
- 2) Viðaukarnir við reglugerð (EB) nr. 883/2004 miða að því að gefa yfirlit yfir aðildarríki sem ekki reikna elli- og eftirlifandalífeyri hlutfallslega og yfir sérákvæði varðandi beitingu löggjafarinnar í aðildarríkjunum.
- 3) Viðaukarnir við reglugerð (EB) nr. 987/2009 miða að því að gefa yfirlit yfir framkvæmdarákvæði vegna tvíhliða samninga sem eru áfram í gildi eða munu öðlast gildi og yfir aðildarríki sem ákvarða hámarksfjárhæð endurgreiðslu atvinnuleysisbóta á grundvelli meðalfjárhæðar atvinnuleysisbóta sem veittar eru samkvæmt löggjöf ríkjanna á undanfarandi almanaksári.
- 4) Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa hefur samþykkt umbeðnar breytingar og komið til framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi tillögum um tæknilega aðlögun á viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 987/2009 og reglugerð (EB) nr. 883/2004.
- 5) Framkvæmdastjórnin getur samþykkt að bæta við tillögnum um tæknilegar aðlaganir á viðaukunum sem nefndar eru í 4. forsendu.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 2. hluta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað a-liðar í þættinum „AUSTURRÍKI“ komi eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

„a) Elli- og eftirlifandalífeyrir sem leiðir af honum á grundvelli lífeyrisreiknings samkvæmt lögum um almennan lífeyri (APG) frá 18. nóvember 2004.“

b) Eftirfarandi nýr þáttur bætist við á eftir þættinum „BÚLGARÍA“:

„LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND

Lífeyrisgreiðslur greiddar úr kerfinu samkvæmt annarri stoð sem komið var á fót með lögum nr. 426/2006 um lífeyrissparnað.“

2) Í XI. viðauka í þættinum „HOLLAND“ bætist eftirfarandi f-a-liður við á eftir f-lið:

„fa) Líta skal á sérhvern einstakling, sem um getur í 1. mgr. 69. gr. Zorgverzekeringswet (sjúkratryggingalaga) og móttækur, á síðasta degi undanfarandi mánaðar áður en hann eða hún verður 65 ára, lífeyri eða bætur sem farið er með sem lífeyrisgreiðslur samkvæmt hollenskri löggjöf, á grundvelli f-liðar 1. mgr. þessa þátta, sem lífeyrisumsækjanda, eins og um getur í 22. gr. þessarar reglugerðar, þar til hann eða hún nær lífeyrisaldri eins og um getur í 7. gr. a Algemene Ouderdomswet (hollenskra laga um almennar tryggingar vegna elli).“

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 987/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þátturinn „DANMÖRK — FRAKKLAND“ falli brott.

b) Þátturinn „DANMÖRK — HOLLAND“ falli brott.

c) Þátturinn „GRIKKLAND — HOLLAND“ falli brott.

d) Þátturinn „SPÁNN — HOLLAND“ falli brott.

e) Í þættinum „FRAKKLAND — LÚXEMBURG“:

i. falli a- og b-liður brott,

ii. komi eftirfarandi í stað c- og d-liðar:

„a) Samningur frá 2. júlí 1976 um niðurfellingu endurgreiðslna á kostnaði vegna eftirlits og læknisskoðana sem kveðið er á um í 2. mgr. 105. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972.

b) Bréfaskipti frá 17. júlí og 20. september 1995 um skilmála við uppgjör á gagnkvæmum kröfum skv. 93., 95. og 96. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72“.

f) Í þættinum „FRAKKLAND — HOLLAND“:

i. falli b- og c-liður brott,

ii. komi eftirfarandi í stað a-liðar:

„Samningur frá 28. apríl 1997 um niðurfellingu endurgreiðslna á kostnaði vegna eftirlits og læknisskoðana skv. 105. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.“

g) Þátturinn „ÍTALÍA — HOLLAND“ falli brott.

h) Í þættinum „HOLLAND — BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

i. falli b-liður brott,

ii. komi eftirfarandi í stað a-liðar:

„Annar málsliður 3. gr. í framkvæmdasamkomulagi frá 12. júní 1956 um framkvæmd samningsins frá 11. ágúst 1954“.

2) Í 5. viðauka bætist við nýr þáttur „HOLLAND“ á eftir þættinum „ÞÝSKALAND“.

Nr. 960

9. október 2015

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1368/2014**

frá 17. desember 2014

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 48. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾, einkum f-lið 72. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾, einkum 8., 9. og 92. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Aðildarríkin fóru fram á það við framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa að færslum í 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 yrði breytt í því skyni að færa viðaukann til samræmis við þróun í landslöggjöf þeirra.
- 2) Í 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009 er miðað að því að gefa yfirlit yfir framkvæmdarákvæði vegna tvíhliða samninga milli aðildarríkja sem gilda áfram á grundvelli 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar eða eru gerðir og skráðir á grundvelli 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. sömu reglugerðar.
- 3) Framkvæmdaráðið um samræmingu almannatryggingakerfa hefur komið til framkvæmdastjórnarinnar viðeigandi tillögum að umbeðnum breytingum á grundvelli f-liðar 72. gr. reglugerðar (EB) 883/2004.
- 4) Framkvæmdastjórnin samþykkti að fella tillögurnar að tæknilegu breytingunum inn í 1. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009.
- 5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 ⁽³⁾ eru í 2. mgr. 1. gr. ranglega gerðar breytingar á XI. viðauka við reglugerð (EB) 883/2004. Því ætti að fella það breytingarákvæði brott. Í þágu lagalegs skýrleika ætti brottfelling 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1372/2013 að gilda afturvirkrt frá 1. janúar 2014.
- 6) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 987/2009 og (ESB) nr. 1372/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

- 1) Ákvæðum 1. viðauka er breytt sem hér segir:
 - a) Þátturinn „DANMÖRK-ÍTALÍA“ falli brott.
- 2) Í stað b-liðar í þættinum „FRAKKLAND-LÚXEMBOURG“ komi eftirfarandi:

„b) Bréfaskipti frá 17. júlí og 20. september 1995 um skilmála við uppgjör á gagnkvæmum kröfum skv. 93., 95. og 96. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og bréfaskipti frá 10. júlí og 30. ágúst 2013“.

2. gr.

Í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1372/2013 falli 2. mgr. brott.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.⁽²⁾ Stjótt. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (Stjótt. L 346, 20.12.2013, bls. 27).

3. gr.

Þessi reglugerð öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2015, að undanskilinni 2. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2015